


3

Des. 1963

# FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM SAMBANDSMÁL.



Saturnus

Útgefandi : Félag Nýalssinna  
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Ritstjóri : Þorsteinn Jónsson  
Úlfssstöðum, Borgarfirði

*andina er umfjöldum sem gðar til hana nýr fræðingar*

*go, annan fólk með ósíðum ófálgum og ófálgum, . A. I titlo  
atset ða ófír miði ge Hildi. Tímanum 28. jan. 1961.*

*titlo nýr enna titlo í þer stóð ða nánar ne tilde náma à  
þeim fólkum sem gðar til hana nýr. Tímanum 28. jan. 1961.*

## EF NI BLAÐSINS.

Fátt er það enn, sem blaðinu hefir borizt af nýsömdu efni, og koma hér því eins og í síðasta blaði ýmsar áður prentaðar greinar. Fyrst læt ég þó koma nýsamda grein eftir Ingvar Agnarsson, Kennslubók í sambandsvísindum, og mætti sú tillaga, sem þar kemur fram, verða rædd af félagsmönnum.

Næsta grein, Víkingaferðir og víkingakyn eftir Þorstein Guðjónsson, birtist áður í Frjálsri þjóð 23. ág. 1958, og þykir mér hún þess verð, að félagsmenn varðveiti hana.

Þá læt ég koma grein eftir sjálfan mig, Furðuleg kynning og furðulegt skilningsleysi, og birtist hún í Alþýðublaðinu fyrir ari síðan.

Þá birti ég hér aðra grein eftir Ingvar Agnarsson, nýsamda, Ofskynjanir í ljósi hinna nýólsku kenninga, og segir þar frá eftirtektarverðu dæmi.

Þá birti ég hér aðra grein eftir P. G. Vísa Skallagríms, og man ég því miður ekki hvar eða hvenær hun birtist áður, en eins og hún ber með sér, þá er hún samin vegna ákveðins útvarps erindis.

Næst kemur svo önnur grein eftir sjálfan mig, Guðleg ráðstöfun, og birtist hún í Tímanum 28. jan. 1961. En eins og sjá má af því, sem í greininni stendur, þá tel ég hina guðlegu ráðstöfun vera þá, að eindregið helvítí geti hvergi orðið óaflátanlega varanlegt nema þar, sem koma má við hjálp eða björgun líkt og segir af í Sögu Frímanns, Sannýal bls. 45 til 104. Eins og segir í Bibliunni af eyðileggingu Sódóma, sem vafalaust hefir ekki verið borg hér á jörðu eða tvær, heldur einhver önnur jörð eða sólhverfi, þá er svo að skilja, að sú eyðilegging hefði getað strandað á því, að einhver hluti íbúa hennar hefði verið "réttlátil" menn, og er sú frásögn því heldur til stuðnings því, sem í greininni er haldd fram. En þar sem ég tala um, að á jörðum, sem alltaf snúi sömu hlið að sól sinni, nálega hljóti lífið að vaxa fram í tvær áttir, er því við að bæta, að einnig á slískum jörðum geti helstefnan orðið algjör og eyðileggjandi, þó að hins sé reyndar að gaeta, að flestar slíkar jarðir séu sennilega gamlar og því komnar yfir það hættulega úrslitaskeið, sem nú fer í hönd á þessari jörð.

Næst þessari grein minni læt ég koma þriðju greinina eftir I.A., Hugleiðing um tímarúmskenningu Einsteins, og hefir hún hvergi áður verið birt. Hefi ég þar litlu við að bæta á annan hátt en þann að láta þar á eftir koma aðra grein eftir sjálfan mig, Tímarúmskennung Einstein og lífsambandskenning Helga Pjeturs, sem er um líkt efni og birtist í Mbl 20. okt. s.l. Eins og sumir lesendur félagsblaðsins hafa víst séð, þá var fyrir ekki löngu sagt frá í Mbl. að danskur verkfræðingur nokkur hafi komið fram með gagnrýni á kenningar Einsteins og telji meðal annars allt tal um 4. rýmd ekki vera annað en þvaður, og má þannig sjá, að eins dæmi er það ekki, að efast skuli nú vera um óskeikulleik þessa fræga vísindamanns. — "Vér verðum að hugsa oss óendenlegan verund, og einmitt af því að hann er óendenlegur, bætir hann alltaf við sig." Þannig er að orði komist í Nýal, bls. 39, og heldur I.A. því þannig réttilega fram, að kenning Fred Hoyles um sísköpun efnisins sé í góðu samræmi við kenningar Helga Pjeturss. En rétt þykir mér að láta þess ekki ógetið, að þessi kenning, sem auðvitað verður einungis kennið við Fred Hoyle, hefir einnig verið hugsuð hér á landi, og á ég þar við það, sem segir í Tunglsgeislum mínum, bls. 40, og sifðar í einni grein eftir mig í Ísl. stefnu. Eins og heimssagan hlýtur æ að bæta við sig, þannig létt ég mér skiljast, að heimurinn hljóti einnig að gera það, og var sá skilningur minn hvorki þeginn af Fred Hoyle né neinum öðrum.

Á eftir þessum tveimur greinum okkar Ingvars, sem ef til vill geta eitthvað bætt hvor aðra upp, læt ég koma grein eftir P.G. Lífsorkan í Hugmyndum tveggja trúarbragða, og birtist hún áður hjá Frjálsri þjoð 20. sept. 1958. Er sá samanburður, sem þar kemur fram, ekki ófróðlegur.

Þá læt ég koma hina 4. grein eftir I.A., Nauðsyn stjörnusambandsstöðvar, og mun ætlunin hafa verið, að su grein væri latin birtast í Tímanum, þó að því miður yrði ekki af. Er ég í engum efa um, að I.A. hefir rétt fyrir sér í því, að hin andlega afturför nútímans stafar framar öllu af því, að þjóðin skuli ekki hafa lært að meta kenningar Helga Pjéturss.

Þá læt ég koma bréf frá einhverjum ónefndum, sem félagini hefir borizt nýlega, og þykir mér ólíklegt annað en að bréfi því verði vel tekið af félagsmönnum. Það er dagsatt, sem haldið er fram, að félagið þyrfi að verða öflugra og framkvæmdarsamara en það er. En hvað segir bréfritarinn um það að gerast þáttakandi í félagsskapnum og reyna að beita þar áhrifum sínum? Af bréfi hans þykist ég sjá, að góðs mætti af honum vænta.

Loks læt ég svo koma two kafla ósjálfrátt skrifaða, og vænti ég þess, að þeir bæti heldur upp blaðið, sem því miður færir en engar fréttir af starfsemi félagsins. Má að vísu gera ráð fyrir, að sumt hafi ekki komist í gegn til fulls, sem reynt er þar að

segja frá, en ástæða þykir mér þó til að ætla, að allt sé þetta eitthvað nærri sanni. Þannig er þarna í fyrri kaflanum nokkuð, sem minnir á frásögu, sem lesa má í Hugönum Guðmundar Finn-bogasonar, Trú og vísindi, bls. 307 og 16, og ég tók upp í Tunglgeisla mína. Virðist, eins og líka er tekið fram í hinum ósjálf-rátt skrifaða kafla, að þarna hafi verið um að ræða sérstakt sambands og mögnunarástand. Og sérstaklega merkilegt þykir mér, hversu betta, sem ég nefni ástæðislögðmál, kemur þarna fram í því, að ekki einungis stilltir saman vinnendur hvers hóps fyrir sig, heldur einnig hóparnir, og að afleiðingin verður stóraukin magnan. Eins og mig minnir að ég gæti um í einhverri grein í félagsblaðinu fyrir nokkru, þá átti sér eitt sinn stað nokkuð líkt þessu, þar sem Friðrik Friðriksson var að halda ræðu. Ræðuna byrjaði hann þreyttur og illa fyrirkallaður, en allt í einu varð hann mikillar mögnunar aðnjótandi jafnframt því að fjarskynja samskonar samkomu, sem þá á stundinni er verið að halda út í Kaupmannahöfn. Má vel skilja, að ástæði þessara tveggja hópa, annars hér í Reykjavík og hins í Höfn hafi leitt til samskonar mögnunar og hinn látni faðir er þarna að segja frá og þeir samstirningar hans virðast hafa lært að fera sér í nyt á markvissan og öruggan hátt.

Að lokum vil ég í formála þessum biðjast afsökunar á því, að röð greinanna í síðasta blaði stenzt ekki að öllu leyti við formálann þar. Var það mér að kenna en ekki þeim, sem fjörlitaði blaðið. Hitt er aftur á móti fjörlitaranum að kenna, að nafn Helga Pjeturss er þar ekki rétt ritað. Þar á samkvæmt því sem hann sjálfur gerði og vildi að rita Pjeturss en ekki Pétruson eða Pétrus. Ennfremur hefir fyrir vangá fjörlitara fallið úr grein minni, Uppgötvun sem verið er að nálgast, er þetta nálaegt niðurlagi greinarinnar, og er setningin bannig rétt: Hin ríkjandi skoðun er nú aftur orðin sú, að það hljóti að teljast undanteking og jafnvel óhugsanlegt, að sólir séu án fylgihnatta, og verður það því á móta óhugsanlegt, að einungis ein jörð sé byggð lifandi verum, og það væri óhugsanlegt, að íbúaar væru aðeins í einhverju einu húsi einhverrar mikillar borgar eða borga.

### Porsteinn Jónsson.

Nytja fjöll ur sín næringu fyrir því so hafa. En að þessu leiðir það, að hér er ófárra framkvæma hiutina, og skapar það mikla veimegun og glesi. Þer eru allir glaðir og njóta lífisins, og hér er ekki kappblaup um peninga. Þer verða með ríkur af því að gefa, hvort sem það eru hlutir eða eitthvað annað. Nú er ég ekki lengur í vefs um það, að leiðin fram til þroska, vízku og fogurbar er leið góðvildar og fórnýfðar. Það hefur ekki komið seitt áfram öðruvísi, að það ég kom hugað, og í ræn og veru ekki í jardlöfinu heldur. Allt það, sem ég atharðist þer, var mér til taður, ef það var ekki af góðvild og fórnýfi gert, og það sem gert hefur sam-

## KENNSLUBÓK Í SAMBANDSVÍSINDUM.

Mjög oft hef ég orðið þess var, að margir sem ekki hafa kynnt sér kenningar Nýals, telja þessi 6 bindi Nýals mjög óaðengilega stærð rits, til að kynna sér þessi fræði. Þeim óar við, að verða að kaupa og lesa 6 bindi til að geta kynnt sér þessi mál.

Flestir sem hafa tileinkað sér boðskap og kenningar Nýals, munu vera á öðru mali. Þeim finnst að þar megi engu sleppa. Og rétt er það, að hver sannur Nýalssinni, les þessar bækur allar, hvert orð, og finnst að hver einstök ritgerð Nýalsbókanna allra, gefi honum nýjan og fyllri skilning á málefni öllu, á hinu mikla alheimssambandi alls, sem lifir og hrærist í þessum óendanlega heimi.

Nú vitum við, að áhugi almennings á andlegum málum er allmikill og hafa sumar slíkar bækur náð mikilli útbreiðslu og verið mikið lesnar. Hafa það einkum verið bækur, sem fjalla um miðla og ýms fyrirbæri, sem gerast í sambandi við þá. Því miður hafa frásagnir af slíkum verið á litlum skilningi byggðar og hafa skoðanir spíritista verið þar að mestu ráðandi.

Hér er úrbóta þörf. Fólk þarf að gefast kostur á að kynna sér kenningar dr. Helga Pjeturss, í aðgengilegu formi. Ég legg til að samin verið bók, sem væri ekki nema svo sem 60 – 100 bls. Væru þar borin fram öll aðalatriði kenningarinnar, með viðeigandi skýringardænum. Slík bók yrði að sjálfsögðu ódýr og handhæg og í slíku formi yrðu þessi fræði öllum aðgengileg og engum ofætlun að kaupa eða lesa. Þetta yrði í rauninni kennslubók fyrir byrjendur í þessari fræðigrein. Þeir sem svo áhuga fengju á málefni með lestri þessarar litlu bókar, myndu svo halda áfram þekkingarleit sinni, með því að lesa allar Nýals bækurnar.

Ég hygg að útgáfa slíkrar bókað yrði síður en svo til að spilla fyrir framgangi málefnis okkar, heldur mundi hún verða til að glæða áhuga manna fyrir þessu málí.

Ingvar Agnarsson  
26. sept. 1963.

## VÍKINGAFERÐIR OG VÍKINGAKYN.

Pegar við lesum það, sem Bragi Boddason hefur ort, elzta nafngreint norrænt skáld, sem kveðskapur er varðeittur eftir, þá finnum við ekki til þess, að málíð, sem hann yrkir á, sé annað en íslenzka. Það getur verið torvelt að ráða fram úr vísu eftir hann, en það, sem örðugleikunum veldur, eru kenningarnar og hin margslungna orðaröð, en ekki málíð sjálft. Bragi Boddason er mæltur á sömu tungu og við, og þessi maður, sem uppi var í byrjun víkinga-aldar, stendur okkur nær, að ég hygg, en nokkrir jafnaldrar hans standa nú nokkurri þjóð jarðarinnar. En 100-150 árum fyrr var sú tunga, sem við köllum íslenzku, ekki orðin til. Eggjumsteinninn norski frá því um 650-700 sýnir mál, sem að vísu er komið langt áleiðis að verða að norrænu, en nokkrar orðamynndir skera alveg úr um það, að þetta er annað mál: "haris" er "hers" (eignarfallið af her), "manR lagi" "þýðir" "menn leggi". Á áttundu öld er á Norðurlöndum að verða fullsköpuð tunga, sem átti fyrir sér að verða langlífasta tunga jarðarinnar. Goðbjóð eða gotnar hét það fólk, sem tunguna talaði, og þegar þessi dýrgripur er nýsmíðaður, þá er það sem hefst, óvænt og skyndilega, hin stórfenglega útsókn Norðurlandabúa, víkingaferðirnar.

Það er hægt að líta svo á, að þessar herferðir hafi ekki hafist án ytra tilefnis.

Á síðustu áratugum 8. aldar gerðust þeir atburðir, að Karlamagnús, konungur yfir hinu víðlenda Frankaríki, fór með ófriði á hendur Söxum, næstu nágrennum Norðurlandabúa að sunnan, og braut þá undir vald sitt og kristna trú. Aðfarirnar voru ófagrar, og svo er sagt, að þegar Saxar vildu ekki hlýðnast, þá hafi Karlamagnús svikið þá og brytjað niður þúsundum saman á einum degi. En áður hafði hann látið brjóta niður Jörmunsúluna miklu, sem Söxum þótti vænt um og lögðu helgi á. Það er hætt við, að þegar þessi tíðindi spurðust til Norðurlanda, hafi þau ekki mælt vel fyrir, og það er naumast ofmælt hjá einu af skáldum okkar, að blöðið hafi þá farið að ólga. Svo mikið er víst, að 10 árum eftir uppgjöf Vidukinds, Saxahertoga, gera Norðmenn frá Hörðalandi hið fræga strandhögg sitt við Lindisfarne og á næstu árum ber víkingana óðfluga að öllum ströndum Vest-Evrópu. Karlamagnúsi hefndist nú fyrir rangindi sín, og svo er sagt, að eitt sinn, þegar svo vildi til, að honum bar víkingaskip fyrir augu, hafi hann tárazt yfir þeim ógnum og skelfingum, sem þessi sýn boðaði honum, að koma mundi yfir ríki hans. – En um þessar mundir er það, sem upp er að vaxa í Danmörku sveinn sá, er frægastur átti að verða allra víkinga og svo synir hans, Ragnar loðbrók.

Eflaust hefur því verið haldið fram um Ragnar lóðbrók, að hann hafi aldrei verið til, sé ævintýrapersona eða ekkert sé um hann hægt að vita. En þetta er ekki rétt. Það er margtekið fram í Snorra-Eddu, að Bragi skáld hafi ort um Ragnar loðbrók, Ragnararsdrápa heitir kvaði Braga og þar er Ragnar nefndur í stefinu. En þetta þýðir, að Ragnar sá, sem kvæðið er um hefur verið uppi fyrri hluta níundu aldar. Þess er og getið, að sjálfur hafi Ragnar verið skáld, og í Háttatali kemur það fram, að Snorri hefur kunnað kveðskap honum eignaðan. Einnig það bendir til, að Ragnar hafi ekki verið miklu eldri en Bragi, en bezt styrkist þetta þó af þeirri sögn Ara fróða, að Ívar Ragnasson loðbrókar hafi unnið hervirki í Englandi árið 870. Og þegar þetta er nú borið saman við vitnisburð suðrænna heimilda, þá er samræmið ákjósanlegt. Ragnar er talinn heita sá, sem ræður fyrir víkingaher við Signu árið 845, og Ragnhall, það er Ragnar, er sagður hafa fallið á Englandi 865, en hinrar íslenzku sagnir gera einmitt ráð fyrir því, að Ragnar hafi láttist á Englandi, þó ekki í bardaga, heldur með öðrum hætti. Tveimur árum síðar er sona hans getið á Englandi, Ívars beinlausa og fleiri, kominna að hefna föður sina, og má nú nærri geta, hvort þetta er ekki sama fólkis og sagt er frá íslenzkum bókum. En hins er vel að gæta, að ekki geta staðizt allar þær aettartölur, sem til hans eru raktar, eða réttara sagt ein greina aettartalnanna. Ari fróði rekur aett sína til Rgnars þannig, að Ingjaldur, faðir Ólafs hvíta, hafi verið dóttursonur Sigurðar Ragnarssonar loðbrókar, en Snorri Sturluson rekur aett Haralds hárfagra til hans á þann hátt, að Sigurður hjörtur, móðurfaðir Harálðs, hafi verið sonur Áslaugar Sigurðardóttur Ragnarssonar. Þetta sýnir, að snemma hefur komið upp sú sögn um þá Sigurð hjört og Ingjald, syni Helga hins hvassa, að Ragnar loðbrók hafi verið langafi þeirra í móðurkyn. En þetta fær með engu móti staðizt, því að sanni nær er það, að þeir hafi verið jafnaldrar hans eða litlu yngri. En það er athyglisvert, að móðir þeirra er kölluð Áslaug Sigurðardóttir, eins og hún væri alnafna Áslaugar, konu Ragnarss, og liggur ekki fjarri að ætla, að hér sé um að ræða eina af þessum ágizkunum eftir hafnalskum, sem tíðar hafa verið í aettfræði, þar sem heimildir brestur.

Aðrar aettartölur frá Ragnari geta vel komið heim. Auðun skökull, landnámsmaður í Hrútfirði, er talinn þriðji maður frá honum, en Höfða-Pórður, landsnámsmaður í Skagafirði, ýmist 4 eða 5., og er það aettartala, sem gaumur er gefandi, því að hún leiðir til Þorfinns karlsefnis. Sjálfur Karlsefni, maðurinn, sem kjörinn var til þess að hafa forystu um landnám Vesturheims, var kominn í beinan karllegg af Ragnar loðbrók og hefði mátt verða miklu frægari en hann, ef vel hefði farið.

Í Krákumálum, frá 12. eða 13. öld, er sagt, að Ragnar loðbrók hafi háð fimmtíu og eina fólkorustu, og hvort sem þetta er

gömul sögn eða ekki, þá má ætla, að hann hafi viða barizt. Löndin sem nefnd eru í Krákumálum, að þar hafi Ragnar barizt, eru mjög hin sömu og þau, sem mest urðu fyrir ágangi víkinga. Nefnt er Gautland, Dínumynni í Lettlandi, Helsingjar á Helsingjalandi, Ullarakur við Uppsalí, Borgundarholmur, Flæmingjaveldi, Hjaðningavogur í Orkneyjum, Norðimbraland, Suðureyjar sjálfar, Írland, Öngulsey á Englandi, Skotlandsfirðir. Verksvið Ragnars er býsna vítt, en það er athyglisvert, að í kvæðinu virðist vera gert ráð fyrir, að allar þessar orustur séu sjóorustur eða nærrí sjó. En svo er talið, að einmitt hinar fyrstu víkingaferðir hafi verið til strandhöggva og sjórána. - Þó að víkingar væru illir landsfólkini, þar sem þeir herjuðu, þá voru þeir ekki betri hverjum öðrum. „Hrökkvit þegn fyr þegni“, segja Krákumál fyrir Ragnars munn, og hann lét það á sannast sjálfur. Það er hætt við, að Ragnar hafi verið búinn að fella margan víkingahöfðingjann og lið þeirra í sjóorustum, þegar frægð hans er orðin sú, að hann verður foringi fyrir víkingaliði, sem sækir inn á Frakkland, allt til Parísar, árið 845. Þá er að hefjast nýr háttur á víkingaferðunum, sá háttur, að stórir víkingaherir sameinast undir einni stjórn og reka skipulagðan hernað á hendur heilum þjóðlöndum. Nokkru fyrr hefur þetta sama gerzt á Írlandi, þar sem Þorgísl og Fróði gerast foringjar víkinliðsins í Dýflinni. Dýflin var stofnuð af Norðmönnum, sem nokkurs konar verstöð til hernaðar, og þaðan eru nú farnar rásferðir um allt Írland, í stað þess að herja einungis með ströndum fram. Hver kirkja og klaustur er ruið og ruplað, og sagt er, að Þorgísl hafi gert sig að ábóta í einu frægasta klaustrinu. Írar geta ekki rönd við reist, þjóðfélagið þeirra er í algerri upplausn og fjöldi manna er hertekinn og hnepptur í ánaud. Það er efalaust þessi tími, sem það á við, sem sagt er, að víkingar hafi haft þann sið að henda börn á spjótsoddum. En svo ófagurt sem þetta er til frásagnar, þá hefur því verið haldið fram, að enn verra hefði getað verið að láta þetta ógert. Jón prófastur Jónsson á Stafafelli taldi, að víkingar hefðu gert þetta til að stytta þjáningar ungbarna, þegar búið var að drepa eða hertaka allt það fólk, sem um þau gat annazt. Þetta er raunar hæpin skýring og væri útlátalaust að kannast við illvirki víkinga, ef ekki væru aðrir til móts, sem reyna að gera sem mest úr þeim. - Eins og allir muna, vildi Ölvir Einarsson, ættaðir margra íslenzkra landnámsmanna, ekki taka þátt í þessu athæfi, og því hefur hann orðið að hafa reifastrangana með sér til skips. Af því hefur hann hlotið viðurnefnið barnakarl, en ekki beinlínis af því að hafa hlíft börnunum.

Norðmenn voru allsráðandi á Írlandi, það sem eftir var níundu aldar, en um aldamótin rís þar upp meðal Íra ofstækisfullur prédikari og boðar allsherjarbaráttu gegn útlendingunum. Tökst þá ekki betur til en svo, að Norðmenn urðu að lúta í lægra haldi og hrökklast úr landi, sumir til Englands, sumir til annarra

landa, og það er mjög líklegt, að í því flóði hafi verið margir þeirra landnámsmanna, sem sagt er, að komið hafi frá Írlandi, Þormóður og Ketill Brúsasynir á Akranesi o. fl.

Arið 867 hófu Ragnarssynir árás sína á England, í hefnd eftir föður sinn, segja íslenzkar sögur, og gerir þetta enn sennilegt, að sa Ragnhall, sem féll þar árið 865, hafi einmitt verið Ragnar loðbrók. Hér er nú leikinn sami leikurinn og áður á Írlandi, landið er allt lagt undir rán þeirra og rupl, og Danir og Norðmenn taka sér bólfestu í landinu, einkum í Norðimbralandi og Ausur-Anglíu, og svo mikið kveður að þessu, að dönsk lög eru þar tekin upp, og býr lengi að því. Enn í dag eru þar örnefni af norrænum uppruna, og mannfræðingar telja sig sjá þar danskar manngerðir. Ívar beinlausi er sagður hafa verið grimmastur Ragnarsson, en hann og Ubbi herjuðu mest á Englandi. Frá því er sagt í fornsöguþætti einum, að maður var spurður, hvar honum hefði þött bezt að vera, enn hann sagði, að með Loðbrókarsonum var mönnum sjálfráðast að gera sem þeir vildu, og varpar þetta nokkru ljósi á það, hvernig stóð á hinum mikla mætti víkinganna og betur en nokkrar „efnahagslegar“ skýringar misviturra 20. aldar fræðimanna. Víkingarnir voru sjálfum sér ráðandi betur en nokkrir aðrir menn, lögðu ekki hömlur á eðli sitt og voru jafnhamslausir í bardagaákafanum og þeir voru djarfir siglingamenn og landkönnuðir. Þeir eru snillingar í skipasmíði og hvers kyns íþróttum, þeir kenna þjóðunum, sem þeir brjóta undir sig, betri löggjöf en þær höfðu, og síðast en ekki sízt gefa þeir Vestur-Evrópu hinum beztu ættir mannfólks. Þær ættir áttu eftir að lyfta Evrópu úr niðurlægingunni, sem hún var í á þessum tíma, og mun viða vera miðað við þann tíma, að þaðan af fari Vestur-Evrópuþjóðum að þoka fram til menningar eftir myrkraaldirnar. Þegar Innócentíus 3., einn hinn illræmdasti páfi 13. aldar, var að leggja hramm sinn yfir köndin með rannsóknarrétti sínum og öðrum álíka nýjungum, þá voru það ensku barónarnir af Norðmannaeftum, sem ekki létu kúga sig, heldur buðu páfavalldinu byrginn eins og konungur Norðmanna nokkru fyrr. Þar var sá kjarni, sem þetta vald getur ekki brotið og skal nú hverfa aftur til upphafs Normanna og ættar Rúðujarla.

Nafnið Normannar er vitanlega ekki annað en Norðmenn (Normenn), og hefur þetta latmáli, sem algengt er nú á dögum, verið til þegar á 10. öld. Og það er engin ástæða til að efa, að Göngu-Hrólfur hafi verið sá, sem sögur vorar segja þó að Dúdó kalli hann danskan. Á danska tungu var hann mæltur, og það er talið, að í Frakklandi hafi menn þá ekki gert mikinn mun á Dönum og Norðmönnum.

Hafi Ragnarssynir farið yfir löndin með báli og brandi, þá hefur Göngu - Hrólfur víst áreiðanlega ekki verið eftirbátur þeirra. Það er haft eftir föður hans, Rögnvaldi, um hann ungan, að svo mikill væri ofsinn í skapi hans, að hann mætti þá ekki þegar að

löndum setjast. Ofstopinn varð að fá útrás, og svo fór, að þessi tröllstóri maður, sem enginn hestur gat borið, hélt víkingaliði sínu suður á Frakkland og brældi þar allt og brenndi, svo að við algerri landauðn lá á stórum svæðum. Flóttafólk streymdi burt úr þeim héruðum, sem harðast urðu úti. París var umsetin, og enginn var sá her, sem neins mætti sín gegn þessu afli. Þá var það, að konungur Frakka, Karl heimski, sá sitt óvænna og afsalaði sér stórum landshluta í hendur Hrólfí og mönnum hans, og átti svo að heita að Hrólfur væri undirmaður konungs, en reyndin varð nú ekki sú, hvorki um Hrólf né eftirkomendur hans. Svo áttu vitanlega allir hinir nýju þegnar Frakkakonungs að skírast til kristinnar trúar og hér gengu samningar fljótt saman. Hrólfur og menn hans létu sér það vel líka, að skvett væri á þá vatni, en voru þó jafngóðir heiðingjar eftir sem áður, og svo er sagt, að Hrólfur hafi dáið yfirlýstur heiðingi. En afkomendur hans tóku þó kristna trú og smám saman allur Normannalýður og glötuðu tungu sinni og siðum og rómönskuðustu um of. En frægðarsögu þeirra var þó ekki lokið. Um 1000 leggja þeir undir sig Suður-Ítalíu og Sikiley undir forustu Tankreds ( Pakkráðs ) og afkomenda hans og stofna þar ríki, sem lengi stóð. Og 1066 vinna þeir England undir forustu Vilhjálms bastarðar og verða þar aðall og yfirstétt um margar aldir og stofendur brezka heimsríkisins öðrum fremur.

Mestalla 10. öld kveður á Vesturlöndum minna að víkingaferðum en áður, og mun söknin þá hafa beinzt meira í Austurveg. Það er athyglisvert, að sögurnar segja einmitt frá herferðum í Austurveg á þessum tíma. Miðfjarðar - Skeggi, Egill Skallagríms-son, Gunnar á Hlíðarenda og Porkell hákur herja allir í Austurveg. Saga víkingaferðanna á þessum slóðum er miklu miður kunn en vesturvíkingin. Fyrsta nafnið, sem nefnt verður, er Hrærekur ( Rúrik ) hinn sænski, sem stofnaði rússneska ríkið að upphafi þess, skömmu eftir miðja 9. öld, en Svíar þeir, sem honum fylgdu, urðu stofninn í rússneska aðlinum, sem réð þar ríkum fram til 1917. En þessir landvinnningar norrænna manna leiddu einnig til þess, að sá siður komst á að ganga á mála hjá Miklagarðskonungi, og er Væringjasagan einn af merkilegum þáttum í sögu víkinganna. Það er t. d. vel hugsanlegt, að hin langvinna dyöl Haralds Sigurðssonar í Miklagarði hefði leitt til þess, að hefði hann unnið undir sig England, eins og ekki virtist miklu muna að yrði, þá hefðu orðið miklu meiri viðskipti við Miklagarð en varð og grísk mennинг náð að hafa áhrif á Norðurlöndum og Englandi, og drottinvald rómversku kirkjunnar ekki orðið eins einrátt og varð.

Árið 994 hefst nýr áfangi í víkingaferðum. Sveinn tjúguskeg Danakonungur heldur miklu víkingaliði til Englands, herjar þar og gerir mikinn usla og tekur mikla tolla af Englandskonungi. En það er sonur hans, Knútur hinn ríki, sem vinnur undir sig England og gerist konungur yfir því ásamt ættleifð simmi, Danmörku. Mikill

ljómi stóð af veldi Knúts, konungs hins ríka. Það var þá eitt voldugasta ríki á Vesturlöndum, og hér er það nú, sem kostur gefst á að athuga aðstöðu Íslendinga á þessum tíma. Í Skálidatali Snorra Eddu eru talin 8 íslenzka skáld, sem ortu um Knút ríka: Sighvatur skáld, Ottar svarti, Þórarinn loftunga, Hallvarður Háreksblesi, Bersi Torfuson, Steinn Skaptason, Arnór jarlaskáld, Óðar keptur. Hjá konunginum, sem ræður yfir Englandi og Danmörku og fleiri löndum og ber ægishjálm yfir aðra þjóðhöfðingja, eru Íslendingar í mestum metum sem skáld og andans menn. Norrænan gengur um stærra svæði en nokkur sinni fyrr og nokkrum sinni síðar, og þetta er árangur víkingaferðanna. Víkingaferðirnar áttu að verða til þess, að norræn tunga yrði allsráðandi í Vestur-Evrópu, því að hún er betra mál en þau, sem þar voru töluð. En svo vel get ekki farið. Norrænan náði ekki að skjóta rótum í hinum fjölbyggðu löndum óg áhrifasvæði hennar og Íslendinga fór að dragast saman úr þessu. Útsóknin er hætt, það er farið að draga úr hinni miklu framsókn hins norræna kyns á 9. og 10. smám saman þrengist það svæði, þar sem Íslendingar geta flutt skáldskap en nokkrir aðrir kunnu að semja. Á 12. öld er það með naumindum, að íslenzkt skáld fær áheyrn í Danmörku, og á sama veg fer í Svíþjóð, en trúðar og fífl taka sæti skáldanna hjá konungum þessara þjóða, sem eru á góðri leið að verða mállausrar, ekki talandi hreint og beint. Á 13. öld er það í Noregi orðið sérstakur lærdomur að skilja hin íslenzku kvæði, og þó að Íslendingar vinni þá það afrek, að láta sagnaritun koma í stað dróttkvæða, þá fer nú að líða að lokum íslenzkrar skáldfrægðar og allrar norrænnar fornfrægðar. Norrænan deyr út alls staðar nema á Íslandi, og Noregur kemst undir erlent vald. En á Íslandi geymist arfur víkingaaldar og einmitt það, sem sízt mátti tapast, og hefur haldizt fram á þennan dag, en nú er eftir að sjá, hvort okkur verða not af þessum arfi.

Þorsteinn Guðjónsson  
Frjáls þjóð, 23. ágúst 1958.

#### FURÐULEG KYNNING OG FURÐULEGT SKILNINGSLEYSI

SAGT hefur verið, að ungar jarðfræðingur, þýzkur, sem dvalið hafði hér á landi þrjá mánuði á síðastliðnu sumri, hafi að-spurður ekki kannast við dr. Helga Pjeturss fyrir annað en það, að hann hefði verið geggaður, og þótti mér slikt býsna furðulegt. – Vegna þess, að á engan hátt var hér tekið undir athuganir dr. Helga varðandi höfundarmark Snorra Sturlusonar á Eglu, var það ekki alveg óeðlilegt, að hans skyldi að engu vera getið, þegar hinn sánski fræðimaður kom fram með hið sama í haust, og var það þó í meira lagi ómaklegt. En hitt er á engan hátt afsakanlegt, að

síkur jarðfræðiuppgötvuður sem dr. Helgi var, og viðurkenndur er líka fyrir það nokkru, skuli vera kynntur á annan hátt en þennan fyrir útlendum jarðfræðingi. Enda sá víst þessi útlendi jarðfræðingur eitthvað fram á þetta eftir að viðtalandi hans hafði sýnt honum jarðfræðigrein á ensku, sem prentuð er í ÞÓNÝAL, því að honum varð þá að orði eitthvað á þá leið, að íslenzkir lærdomsmenn kunni líklega ekki vel að meta það, sem stórt er. Og það játaði hann, þessi útlendi jarðfræðingur, að hin enska ÞÓNÝALSGREIN beri á engan hátt vott um, að höfundur hennar hefði verið gegjat, heldur þvert á móti.

ÉG VAR fyrir skömmu að lesa ritgerðina LÍFSGEISLAN OG MAGNAN, sem prentuð er í NÝAL, saman hefur því verið fyrir meira en 40 árum. Nú hef ég að sjálfsögðu lesið þessa ritgerð, áður og það oftar en einu sinni. En í þetta sinn varð mér það alveg sérstaklega ljóst, hve vísindalega þarna er að verið og hve sjálfsagt og óhjákvæmilegt það er, sem þar er haldd fram. Þetta, að jarðlífisé aðeins þáttur í óþrotlegu alheimslífi, að það sé hér framkomið fyrir tilgeislan frá lífheimum annarra hnatta, að kraftaverkalækningar og annað slíkt, sem ekki verður vefengt að átt hefur sér stað, sé einnig þangað að rekja eins og líka magnan þá eða endurnæringu, sem maður þiggur í svefni, það blasir þarna svo við, að helzt enginn ætti að geta komist hjá að sjá það. En þó hefur hið furðulega átt sér stað, að reyndin skuli svo hafa orðið á annan veg. Prátt fyrir það, hve heimsamband lífsins ætti að sýnast alveg sjálfsagt, eftir að á það hefur verið bent, og þrátt fyrir það, að skýringar dr. Helga á eðli svefn og drauma, sem einkum var hin vísindalega undirstaða hans, eru algjörlega í samræmi við staðreyndir svefnins og draumanna þá hafa flestir reynst fúsari til alls annars en að fallast þar á. Og láti nú einhver sér detta í hug, að þessi tregða stafi af því, að menn hafi séð betur, þá er það áreiðanlega ekki. Tregðan hér stafar fyrst og fremst af því, hve mönnum er yfirleitt gjarnt til þess að fara fyrst og fremst eftir því, sem þeir halda, að öðrum kunni að finnast, en ekki af því, að þeir hafi rannsakað sjálfir. En vill nú samt sem áður ekki einhver, sem þetta les, lesa einnig ritgerðina, sem ég nefndi hér að framan, og reyni svo sjálfur að sjá og ihuga? - Menn eru nú loks eitthvað farnir að sjá fram á það, sem dr. Helgi benti á fyrir hálfrí old síðan, að verði stefnunni ekki breytt hér á jörðu, sé illra tíðinda von og æ verri og verri, og ættu allir að geta séð, hve sannspár hann hefur þegar reynst um margt. En eftir er að gera sér það ljóst, að það, sem breytt gæti stefnunni til hins betra, er ekki barátta fyrir eða gegn einhverjum trúarbrögðum, ekki barátta fyrir eða gegn einhverri stjórnmalastefnu, heldur aukin þekking og skilningur á tilverunni. Björgunin frá hinni yfirvofandi glötun væri framar öllu falin í því, að menn næðu að sættast fyrir það að hafa betur en áður komist að hinu réttu hvað snertir skilning þeirra á heimi og lífi, og svo að þær sættir sköpuðu þeim aukin

sambönd við góða og máttuga íbúa annarra hnatta. — Björgunin er með öðrum orðum falin í því, að mönnum auðnist að fallast á kenningar Nýals og færa sér þær í nyt.

Þorsteinn Jónsson á Úlfssstöðum.  
Alþyðublaðið 21. nóv. 1962.

## OFSKYNJANIR Í LJÓSI HINNA NÝÖLSKU KENNINGA.

Þess er getið um F. S. Smith, sem þátt tók í Everst leiðangrinum 1933 og var einn af færstu fjallgöngumönnum, sem uppi hafa verið, að er hann klifraði þar einn, hátt í hlíðum fjallsins og barðist m. a. við súrefnisskort, varð hann fyrir sérstæðri, sálrænni reynslu:

"Honum fannst hann ekki vera einn. Honum fannst einhver óþekktur fjallagarpur fylgja sér. Þeir voru tengdir saman með gönguvað og ef hann hrasaði og hrapaði, mundi fylgdarmaðurinn áreiðanlega draga hann upp. Þetta var honum fullkominn vissa og hann leit stundum um öxl, til þess að sjá hvernig félaga sínum gengi, en þá var þar enginn. Hann var þarna einn, aleinn, ..... þræðandi hála fláa á hæsta tindi jarðar..... Hann fann þó aldrei til einmanaleika. Þótt hann sæi engan, hvarf honum ekki sú bjargfasta vissa, að einhver fylgdi sér um einstigin..... það var ekki fyrr en hann kom í tjaldstað, að hann var "leystur" úr gönguvaðnum við þennan "félaga" sinn."

Þessa sérstæðu reynslu fjallgöngumannsins hygg ég að skýra megi með kenningum dr. Helga Pjeturss um lífsambandið milli einstaklinga. F. S. Smith finnst hann vera tengdur öðrum fjallgöngumanni með vað, og tilfinning hans fyrir þessum "öðrum" er svo sterk, að hann fær fulla vissu um stuðning og hjálp frá honum, ef illa skildi fara. Ég hygg, að þarna sé alls ekki um ímyndun eða hugaróra að ræða. Út frá hinni Nýölsku kenningu má álykta, að F. S. Smith hafi komist í lífrænt fjarsamband við menn, sem hafa verið að klifra í einhverju fjalli. Ég geri ráð fyrir að þar hafi a. m. k. tveir menn verið að klífra, og hafi þeir haft vað á milli sín. F. S. Smith hefur verið í lífrænu sambandi við þann, sem á undan gekk, því honum fannst félagi sinn vera á eftir sér. Þessi sambandsmaður F. S. Smiths hefur haft mikið traust á félaga sínum, sem kemur fram í því að Smith hefur óbilandi traust á manni þeim, sem honum fannst vera á eftir sér. Þetta traust, sem borist hefur til vitundar Smiths, veitir honum kjark og áræði, svo að honum hefur veist auðveldara en annars að sigrast á erfiðleikum fjallgöngunnar.

Oft er það svo, að aðeins hluti af skynjun sambandsverunnar berst til vitundar viðtakanda. Og mun þannig hafa verið hér, því aðeins vitneskja um fylgdarmanninn barst til vitundar F. S. Smiths.

Ef sambandið hefði verið nánara eða fjölpættara, mætti búast við að F. S. Smith hefði einnig getað séð þennan "fylgdarmann" sinn. Þó hefði hann ekki orðið augnséður, heldur aðeins hugséður, b. e. a. s. hann hefði aðeins getað séð hann, með augum sambandsveru sinnar og því hefði F. S. Smith getað séð hann, hvort sem hann hefði haft augun opin eða lokuð, því þannig mun oftast vera um sambandssýnir.

Ingvar Agnarsson.

21. sept. 1963.

## VÍSA SKALLAGRÍMS

Arghyrnu látt árna

aftr með roknu skafti.

Skallagrímur.

Erindi Arnórs Sigurjónssonar um Arghyrnu, öxi þá er

Skallagrímur nefndi svo og vildi endursenda Noregskonungi, er með því bezta, sem ég veit til að komið hafi fram fræðilegs efnis nú um skeið. Það virðist enginn vafi geta leikið á því að "árna" býðir þarna að bera kveðju, og má jafnvel færa fleiri rök til stuðnings því en Arnór gerði. Þegar Skallagrímur segir um öxina "þörfgi væri þeirar", þá er óhugsandi að hann hefði komið þannig að orði, ef hann hefði beint því til Þórolfs sjálfs þá á stundinni. Það væri líkt og að segja: "engin þörf væri að jarða manninn" eftir að það hefði verið gert. En sé vísan skilin eins og Arnór gerir, þá verður allt eðlilegt og auðskilið. Láttu Arghyrnu bera kveðju með sér, og það að hennar hafi ekki verið þörf hingað. Þessi orð vildi Skallagrímur senda syni Haralds lúfu.

Eitt var það í erindi Arnórs, sem ég get ekki fallizt á, og skal ég reyna til að gera grein fyrir af hverju. Ég held, að umrædd vísa Skallagríms sé hreint og þeint eftir Skallagrím og engan 13. aldar mann og allra sízt Snorra Sturluson. Því hefði nú Snorri lagt það í vana sinn að yrkja vísur til að eigna öðrum, þá hefði hann efalaust kunnað betur að fyrna mál sitt en svo, að hann færí að setja bögurmáli eins og "ringagjöf" í vísu, sem hann eignaði Skallagrími. En raunar þarf, af öðrum ástæðum einnig, ekki að ætla Snorra þetta. Sá sannfærðiandi, sú umhyggja fyrir sannleikanum, sem lýsir sér t. d. í formála hans fyrir Heimskringlu og hvarvetna í ritum hans, er alveg öruggt vitni um það, að fyrir söguheimildir hafði hann þær vísur einar, sem hann vissi vel fornar og fulltreystnadi. - Menn segja, að Snorri hafi samið ræðu Einars þveræings eftir vísu Einars, sem geymzt hefur. Það má vel vera, en hver er kominn til að segja, að hann hafi ekki haft

fleiri heimildir um ræðuna. Því aðeins sagði Snorri Sturluson sögur, að frá einhverju væri að segja. Og hinn forni vilji á að verjast ástælni hins framandi, sem Arnór sýndi svo vel fram á í erindi sínu að var Snorra eigin, gagnstætt því, sem sumir hafa haft-ið, var arfur frá Mýramönnum og Einari þverængi, og list hans var mest sú, að segja sannsögulega frá þessum forfeðrum sínum og öðrum, sem voru honum svo skyldir í anda.

Minnst er á þó kenningu Einari

Þorsteinn Guðjónsson

hugar, sem þeir ferðast með meiri hrata,

"myndi mæltu sem ferðast með hrata er nálgast

## GUDLEG RÁÐSTÖFUN ?

Sagt hefur mér verið, að fræðimaður nokkur útlendur, hafi komið að þeirri niðurstöðu, sem kvað vera raunveruleg, að allar helztu mannfélagsbyltingar hafi ævinlega, eða a.m.k. undanfarnar tvær aldir, staðizt á við hámörk sóbletta. Er þetta mjög eftirtektarvert og eitt af því sem sýnir, að nokkurt samband muni vera á milli hugarfars manna og atburða á hinni líflausu náttúru. Og enn er það mjög ihugunarvert, að sóblettir skuli hafa orðið æ stórkostlegri, hástig þeirra færast í aukana á þeim tíma, sem þeir hafa verið athugaðir, og kvað þó hið síðasta hástig þeirra hafa borið af öllum hástigum þeirra áður. Bendir þetta í þá átt, að til stórra og illra tilföinda dragi nú í þessu sólhverfi, og verður manni þá hugsað til þeirra dæma, sem þekkjast um að sólstjörnur hafi sprungið eða blossað þannig skyndilega upp, að allt hlaut að farast í nágrenni við þær. Veit ég ekki hvort menn hafa gert sér nokkra ljósa grein fyrir orsökum slíkra sprenginga, en sé þetta raunverulegt um ástæði helztu mannfélagsbyltinga og hámarka sóbletta þá er ekki eins ástæðulaust og margur mundi ætla að setja slíkt í samband við íbúa viðkomandi sólhverfa eða hugarfar þeirra. En hér er nú nokkuð, sem ég hef ekki áður séð fram á, hugsanlegt lög-mál eða ráðstöfun, sem kalla mætti guðlega.

Svo sem kunnugt mun þeim, sem lesið hafa Nýalsrit dr. Helga Pjeturss, þá segir í sumum framlífsfrétt um frá stöðum, sem með fullum rétti má kalla helviti. En sé það nú lögmál, að eindregin helstefna einhvers mannkyns hljóti óhjákvæmilega að leiða til eyði-leggingar þeirrar jarðar, sem það mannkyn byggir, eða þá sól-sprengingar þar, þá vaknar undir eins spurningin um það, hvers vegna hinir allra hræðilegustu framlífsstaðir myrkheima skuli þá ekki hafa farið sömu leið. Og svarið verður að sjálfsögðu þetta: Á jörð þar sem svo hagar til sem hér gerir, að hvarvetna skiptast á dagur og nótt, hlýtur lífið, þegar fram líða stundir, að gera annað hvort að vaxa í heild fram til sannarlegs þroska eða ekki. Takist ekki mannkyni á slíkum stað að ná hinni réttu stefnu, þá hlýtur helstefnan að verða þar alveg ríkjandi að lokum, eins og svo mjög stefnir nú til hér á jörðu. Takist þar ekki að koma fram

Hámark sólblettu

Pekktustu byltingar

1788	1789 Stjórnarb. franska
1805	
1816	
1829	1830 Júlíbyltingin
1837	
1848	1848 Febrúárbyltingin
1860	
1870	1871 Kommúnarðabylt.
1883	
1894	
1906	1905 Pétursborgarverkfallið mikla. ( 1. rússn. b. )
1917	1917 Rússneska byltingin.
1928	1929 ( Kreppan mikla )
1937	
1947	1948 Kínverska byltingin.
1958 – 1959	1958 – 1960 Afríkubytingin, Kommúnub. í Kína.

Óbrjáluðum sannleikanum eða fá menn til að þiggja hann, þá verður þar misskilningurinn ráðandi, en afleiðing hans verður hvarvetna hatur og andstilling, unz ríkjandi verður þar til fulls það hugarfari, sem heimsslitum veldur. En þar sem hins vegar hagar svo til, sem ekki gerir hér á jörðu, að hnötturinn snýr alltaf sömu hlið að sól sinni, þá nálega hlýtur lífið að vaxa fram í tvær gagnstæðar áttir. Á meðan í myrkheimi slíkrar jarðar er vaxið fram til hinnar hræðilegustu helstefnu, er á hinni björtu hlið hennar vaxið fram í guðsríkisátt. Og þar er ástæðan til þess, að á jörðum þessum verða ekki heimsslit. Hinir góðu ljósheimabúaar forða þar frá því. Og hér er það, sem hin guðlega ráðsstöfun blasir við: Vegna þess að hin eindregnu helvíti geta hvergi orðið varanleg nema í tvíþýli við guðlegt líf, verður aldrei vonlaust um hjálpar til þeirra, sem þar hafa lent. – Það er að vísu meira en hugsanlegt, að beinum fjarhrifum sé beitt frá stjórnun til hjálpar þeim sem skemmra eru komnir. En af skiljanlegum ástæðum verður slíku naumast komið við, þar sem um eindregna helstefnu er að ræða, og verða þar því aðallega að koma til hjálpar nokkurs konar fótgönguliðssveitir frá hinum andbýlum samstriningum.

Þorsteinn Jónsson  
á Úlfssstöðum.

Tíminn 28. jan. 1961.

## HUGLEIÐING UM TÍMARÚMS – KENNINGU EINSTEINS.

Í Lesbók Morgunblaðsins, 18. ágúst, 1963, er allfróðleg og hugmyndarík grein: "Geimfari eldist um 55 ár á 3 miljón árum", eftir Gísla Halldórsson, verkfræðing, þar sem hann ræðir um hugsanlegar geimferðir jarðarbúa í framtíðinni. Eru nokkur atriði í grein hans, sem mig langar til að staldra við lítilsháttar.

Minnst er á þá kenningu Einsteins, að menn eldist þeim mun hægar, sem þeir ferðast með meiri hraða, en samkvæmt henni "myndi maður, sem ferðast með hraða er náiast ljóshraða ekki eldast nema um 27 1/2 ár á leiðinni til Andromedu (sem er í um 1 1/2 milj. ljósára fjarlægð) og önnur 27 1/2 ár á leiðinni til baka, enda þótt þá væru á jörðinni liðin 3.000.000 ár."

A öðrum stað í greininni er minnst á útpenslu alheimsins, sem kemur fram í því að fjarlægustu vetrarbrautir, sem greindar verða, virðast fjarlægjast okkur með allt að 38.000 mílna hraða á sekúndu. Má þá ætla að vetrarbrautir þær, sem liggja langt að þaki svæðis þess sem tæki okkar ná til, fjarlægist okkur með enn meiri hraða, jafnvel margföldum, eftir því, sem fjarlægðir margfaldast. Ef kenning Einsteins um "tíma-rúms-samfelluna" væri rétt, mætti þá álykta, að tíminn hjá íbúum þessara afar fjarlægu vetrarbrauta liði á allt annað veg, en hjá okkur og væri það í rauninni afar hæpin ályktun. Nú er það einnig vitað, að allar vetrarbrautir hafa mjög mikinn hraða, en þó misjafnan. Í stórum vetrarbrautahverfum, t.d. því sem er í stjörnumerkinu Coma o. sem hefur innan að-dráttarsvæðis síns mörg þúsund vetrarbrautir, ganga vetrarbrautir þær, sem nálægt eru miðju hverfisins mjög hratt, en þær, sem við útjaðra hverfisins ganga aftur á móti margfalt hægar, og gildir þar raunar sama aðráttarlögmál sem innan sólna stjörnuhverfis okkar eða innan reikistjarna okkar eigin sólhverfis. Allt vetrarbrautahverfið Coma er einnig í heild á mikilli hreyfingu, eins og öll önnur samsöfn vetrarbrauta. Eftir tíma-rúms kenningu Einsteins ætti tími íbúanna í útjöðrum vetrarbrautahverfa að líða með öðrum hætti, en tími þeirra, sem búa nær miðdepli slíkra vetrarbrautahverfa.

Nú geri ég ráð fyrir að íbúar slíkra vetrarbrautahverfa hafi með sér nái sambönd og samskipti, og að raunar sé um alheims-sambönd að ræða milli háþróaðra vitsmunaverfa í ýmsum svæðum geimsins, þótt á annan hátt sé, en flestir vísindamenn leiða getum að sem stendur. Væru þau sambönd þá næsta óeðlileg ef tíminn liði með ólíkum hraða hjá þeim, sem sambönd og samskipti ættu sín í milli.

Hygg ég, að ef jarðarbúum tækist að komast í sein vitsambönd við íbúa annara hnatta, jafnvel við íbúa fjarlægra hraðsara vetrarbrauta, með þeirri aðferð, sem dr. Helgi Pjeturss uppgötvaði og nefna mætti lífgeislalaðferðina, mundi koma í ljós, að

tími liði allsstaðar með sama hraða, hvað sem ferðahraða vit-veranna liði. Slíkir íbúar mundu t. d. hugsa eða tala með svip-uðum hraða og við, en ekki hundrað eða þúsund sinnum hraðar eða hægar en við.

Annars er það svo, að þótt okkur virðist vetrarbrautir hafa því meiri hraða frá okkur sem þær eru fjarlægari, þá er ekki hægt út frá þeirri staðreynd að álykta með vissu, að hraði þeirra sé í raun og veru meiri en t. d. okkar vetrarbrautar. Hefur hinn enski stjörnufræðingur Fred Hoyle leitt að því sterk rök hvernig slíkt má verða. Í bók sinni "Uppruni og eðli alheimsins" ræðir hann m. a. um úþenslu alheimsins, og gerir ráð fyrir sísköpun nýs efnis í geimrúminu. Úr því séu svo sifellt að myndast nýir hnöttir og nýar vetrarbrautir, en vegna gliðnunar vetrabraudanna verði fjarlægðir milli þeirra þó alltaf svipaðar.

Pessi kenning Fred Hoyles um sísköpun efnis í geimnum, er í góðu samræmi við kenningu dr. Helga Pjeturss um sköpunarmátt og sifellda aukningu lífsins í alheimi. En efni er undirstaða alls lífs. Til þess að sífelld aukning lífs í alheiminum geti átt sér stað, þarf einnig sísköpun efnis, sem nýjar stjörnur og nýjar vetrarbrautir myndast af. En þar verða heimkynni þess lífs, sem leiðir af hinum skapandi guðlega mætti, því eðli hans er að bæta alltaf við sig.

Og óendanleiki heimsins leiðir af sér óendanlega möguleika til sköpunar efnis og lífs, en af því leiðir aftur, að alheims-sambond lífs hljóta að eiga sér stað.

Ingvar Agnarsson,  
19. ágúst, 1963.

## TÚMARÚMSKENNING EINSTEINS OG LÍFSSAMBANDSKENNING

DR. HELGA

Dálítið gaman þykir mér jafnan að sjá það haft eftir Albert Einstein, sem rann eitt sinn upp fyrir mér fyrir meir en 40 árum og ég hafði þá hvergi séð haldið fram, að tími og rúm séu á sínu innsta eðli eitt og sama, en nýlega sá ég getið um þessa kenningu í Lesbók Mbl. Eins og það er ekki sólin, sem hvarfar um jörðina, heldur öfugt, þannig skildist mér, að það væri í rauninni ekki tíminn, sem liði, heldur væri þar aðeins um að ræða hreyfingu hlutanna um rúmið og breytingar þeirra í sjálfum sér. Það sem mér skildist, var með öðrum orðum nákvæmlega þetta, sem ég sá þarna í Lesbókinni, að liðinn og ókominn tími væru sem aðrir staðir í rúminu, og að hugsanlegt kynni því að vera einhverskonar ferðalag til þeirra staða. En í stað þess að hugsa sér ljóshraðann

nægjanlegan til slíks, hugsaði ég mér, að þar nægði ekki minni en hinn algjöri hraði. Til þess að sigra tímann og fá hið liðna og óliðna á einn og sama punkt, fannst mér að ekki mundi nægja minna en flug milli vetrarbrauta á engum tíma, en þann flughraða hugsaði ég mér að lífsgeislinn einn mundi nálgast. Möguleikinn til þess að geta þannig séð um allan heim og um allan tíma, þotti mér því sem felast mætti einungis í fullkomnum á þáttöku í því sambandi lífsins, sem dr. Helgi Pjeturss hafði þá nýlega boðað í Nýal sinum.

Óneitanlega er það mjög hressileg staðreynd, að vitað skuli nú vera um þúsund milljónir vetrarbrauta og að í hverri vetrarbraut muni vera um hundrað þúsund milljónir sólhverfa. En þó að þetta séu stórkostlegar tölur á stórkostlegum hlutum, þá er ástæða til að ætla, að þar sé aðeins um að ræða óendantlega lítið brot af því, sem er. Hið langlíklegasta er, að hvert veldi taki við af öðru, sólhverfi, vetrarbrautir, vetrarbrautir vetrarbrauta og svo framvegis í hið óendantlega. Og um kraftinn eða það, sem tengir allt þetta saman, er langeðlilegast að hugsa á sama hátt. Hið líklegasta er, að einnig þar taki hvert veldið við af öðru, og að kraftur ljóss og rafseguls sé því ekki hraðfleygastur alls né víðfleygastur. Svo sem það er alveg óhugsanlegt, þegar vitað er um mikilleik heimsins, að hvergi séu lifendur nema á þessari jörð, svo óhugnanlegt er það einnig, að engir betri sambandsmöguleikar séu til en sagt er, að Einstein hafi talið, og ómegnugir hlytu í rauninni að vera til að brúa hinum mestu fjarlægðum. En þó verður sú takmörkun enn þá óhugnanlegri, ef benda mætti á að auki einhverjar beinar staðreyndir gegn henni.

Líklega hefur enginn vísindamaður á þessari jörð hlotið slíka frægð og slíka dýrkunar í sinni tíð og Albert Einstein, og hefur venjan verið mjög á hinn veginn gagnvart mestu þekkingarfrömuðum. Lotningin, sem borin er fyrir öllu því, sem eftir honum er haft, er ekki lítil, og er því eðlilegt, að mörgum þyki gott að vitna til hans. Að gera slíkt er líkt og að hefja sig þangað, sem enginn andmæli ná til og öryggi er og víð virðing. En hafi það nú samt átt sér stað, að fákænn sveitamaður íslenzkur hafi af eigin rammleik látið sér koma í hug einmitt það, sem þessi frægi vísindamaður hefur ef til vill orðið einna frægastur af, þá kynni það að geta dregið úr þessari lotningu, sem menn bera stundum mest fyrir því sem þeir ekki skilja. Og hvað er nú það, sem mönnum raunverulega finnst, þegar þeir bera saman tímarýmskenningu. Einsteins og lífssambandskenningu Helga Pjeturss? Finnst þeim virkilega, að vænlegra sé að byggja sambandsmöguleika við íbúa annarra hnatta á kenningum Einsteins en á kenningum Helga Pjeturss? – Möguleikar Einsteins eru þeir að senda mann í flugtæki, sem færí með hraða ljóssins og hefði þann kost, að ferðalangurinn eltist ekki nema lítið á leiðinni ( sem auðvitað þyddi hið sama og hann hefði legið í einhverskonar dáí ).

en kæmi þó ekki aftur fyrr en eftir aldir eða ármilljónir. Kenning Helga Pjeturss er hinsvegar sú, að fyrir hugsanaflutning eða geisla lífmagns megi hafa sambönd við íbúa annarra hnatta líkt og begar maður talar við mann, eða jafnvel ferðast til þeirra hamförum. Og hver er svo munurinn á raunsönnun þessara kenninga? Munurinn er, að tímarúmskenning Einstéins, eða stjarnferðalag samkvæmt henni, hefur aldrei verið reynd sem neinn veruleiki, en að hinsvegar er alltaf að gerast nokkuð það, sem á engan náttúrfræðilegan hátt verður skýrt öðruvísi en samkvæmt kenningum Helga Pjeturss.

Porsteinn Jónsson,  
Úlfssstöðum.

Morgunblaðinu 20. okt. 1963.

## LÍFSORKAN Í HUGMYNDUM TVENNRA TRÚARBRAGÐA

Margir munu vera þeirra skoðunar, að trú og vísindi eigi enga samleið, að aldrei muni verða vísindalega skyrt það, sem trúuðum mönnum þykir mestu máli skipta í trú sinni, og að gagnslaust sé að beita vísindalegri hugsun við slík viðfangsefni. Mun þessi trú á getuleysi mannlegs skilnings gagnvart því, sem mestu varðar, aldrei hafa orðið eins almenn og á þeirri öld, sem nú lifum við, bilið aldrei eins breitt milli trúar og vísinda. Þó er það einmitt á þessari sömu öld, sem komið hefur fram vísindakenning, sem brúar þetta bil og sýnir trúarleg rit og trúarlegar hugmyndir í alveg nýju ljósi. Höfundur þessarar kenningar var Íslendingur, og er það raunar það, sem menn eiga erfðast með að trúá. Menn eiga erfitt með að trúá því, að þjóð sagnalistarinnar hafi eignað sannan heimspeking. En hvort sem mönnum líkar betur eða verr, þá hefur slíkri kenningu, sem ég minntist á, kenningu, sem settir trú og vísindi, verið haldið fram af íslenzkum vísindamanni, dr. Helga Pjeturss, og það er ætlun mína, að því gaumgæfilegar sem menn athuga, því fremur muni þeir fallast á rök hans, þótt niðurstöðurnar virðist í ótrúlegasta lagi við fyrstu sín. Samband við líf á öðrum jarðstjörnum, raunverulegt og eðlisfræðilegt samband, er stórkostleg tilhugsun og gerbreytir öllum viðhorfum, og það er í þessu ljósi, sem mér hefur hugkvæmst að líta á eitt hið undarlegasta og jafnframt viðkvæmasta trúaratriði: altarissakramentið. Þessi trúarárhöfn á, eins og menn vita, rætur sínar að rekja til Jesú sjálfs, til þess, sem hann hefur sjálfur sagt við lærisveina sína. Hann tók brauð og skipti með þeim og sagði: "þetta er líkami minn," en það, sem máli skipti, var raunar ekki brauðið, heldur áhrifin frá honum sjálfum, frá líkama hans. Samskonar áhrif eru það, sem Jesús á við þegar hann talar um "brauðið, sem kemur af himni," og

þegar hann segir við lærisveina sína ( eins og dálítið glettinn á svip, kemur manni í hug ):

Ég hef brauð að eta, sem þér vitið ekki af.

En þessi ágæta setning – og það þarf ekki neinnar trúarlegrar auðsveipni til að skynja kraft sannleikans í henni – er það, sem minnir mig svo fastlega á snilldarleg orð í helgum fraðum annars átrúnaðar, ásatrúarinnar, að ég hlýt að undrast það samræmi.

Andhrímnr  
lætr Eldhrímni  
of Saehrímni soðinn,  
fleska bantz,  
en þar fáir vitu,  
við hvat Einherjar alast.

( Grímnismál, 18. v.).

Hér er það ekki brauðsheiti, heldur fleskheiti, sem gefið er hinni dularfullu næringu hinna útvöldu ( Einherja ), og er þó auðsætt, að hinn heiðni spekingur hefur ekki haft flesk í huga, fremur en Jesús hafði brauð, heldur eitthvað, sem hann gat ekki komið orðum að, eitthvað óumræðilegt. Og þetta óumræðilega er lífsorkan, þessi orka, sem dr. Helgi Pjeturss hefur uppgötvað sem eðlisfræðilegt fyrirbæri fyrstur manna og gert vísindalega fullnægjandi grein fyrir í riti sínu, Nýal. Það er eftir kenningu hans þessi orka, sem líkamir manna og dýra hlaðast, þegar þeir sofa, og ber með sér þau áhrif, sem skapa draumana. (Sbr. hugsanaflutning). Það er þessi orka, sem guðirnir, hinar dýrðlegu verur á öðrum hnöttum, vilja veita okkur í miklu ríkara mæli, ef við aðeins höfum vit til að veita henni viðtöku.

Porsteinn Guðjónsson.

Frjáls þjóð, 20. sept. 1958.

## NAUÐSYN STJÖRNUSA MBANDSSTÖÐVAR.

Í Tímanum 3. apríl, s.l. var snjöll og markviss grein eftir Vigfús Guðmundsson, er hann nefnir "Hvað er að gerast"? þar sem hann bendir á hvernig úrkynjunaröflum utan úr heimi eru veittar hinar beztu móttökur á landi voru, svo sem innflutningur negrasöngvara til að skemmta í Sjálfstæðishúsini og flutningur erlendra dægurlagasöngva – og texta af lélegustu tegund í Útvarpini. Bendir hann á, að í þessu og ýmsu öðru séu viss úrkynjunar og hnignunarmerkir.

Er þetta vissulega rétt hjá Vigfúsi Guðmundssyni, og er þessi þróun mjög á annan og verri veg, en sú þróun, er varð hér

um og upp úr aldamótunum síðustu er mikill hluti íslenzkrar æsku fylkti sér undir merki framsækinna leiðtoga, er unnu að bindindi, framförum og alhliða menningu íslenzkrar þjóðar og kveiktu hugsjónaeld í brjóstum uppvaxandi æsku.

Sú hugsjónaalda er þá reis virðist hafa hjaðnað og andleg afturför komið í staðinn, þrátt fyrir sýnilegar ytri framfarir.

Og hver mun nú vera helzta orsök þess, að svo hefur farið? Mun ekki orsökin vera sú, að þrátt fyrir mikla andlega grósku á fyrstu áratugum þessarar aldar, þá hefur þjóðin ekki kunnað að meta og færa sér í nyt merkilega, ví sindalega uppgötvun, sem hér var gerð, og sem ein hefði megnad, að breyta svo öllu þjóðlifi voru, að um sífelfda framför hefði orðið að ræða, andlega sem efnilega. Það sem hér um ræðir er uppgötvun dr. Helga Pjeturss, á sambandi lífsins í alheimi og hvernig auka má aðstreymi lífafls og lífmagnanar til jarðarbúa, með því að taka upp fullkomnara samband við lengra komna íbúa annara hnatta.

Í Nýalsbókum dr. Helga Pjeturss, er kennningar þessar að finna. Lesi menn þær með athygli og munu menn komast að raun um, hvað gera þarf til að snúa þróuninni við aftur. Hygg ég að vegna þess að kennningar hans hafa ekki verið þegnar, hafi dregið úr aðstreymi lífmagnara til vor, og afleiðingarnar orðið þær, að andleg afturfararmerki eru óðum að koma í ljós og aukast.

Íslendingar burfa að mynda með sér öflug samtök til að vinna að framgangi þessa máls. Stjórnusambandsstöð þarf að reisa. Hún þyrfi að standa í útjaðri eða nágrenni höfuðborgarinnar og á stað sem bæri hátt, þar sem útsýn væri til allra átta, og þar sem hún sæist viða að. Veglegt hús þyrfi hún að vera og vönduð að öllum búnaði, svo sem tilgangi hennar hæfði. En svo mjög sem vanda þyrfi til byggingarinnar sjálfrar og alls búnaðs hennar, þyrfi þó enn meir að vanda til alls þess starfs, sem í stofnun þessari færi fram. Þeir sem tækju að sér, að gera sambandstilraunir við lengra komna íbúa annara hnatta, yrðu að vera sem samstiltastir og vinna samhuga að settu marki. Þeir yrðu aðala með sér góðvild til allra manna og vanda lífneri sitt svo sem kostur væri. Þeir yrðu að hafa kynnt sér undirstöðulögþá lífssambandsins, því aðeins má vænta mikils árangurs af starfi slíkrar stofnunar, að menn viti hverskonar samband er um að ræða, að það er við holdi klæddar verur á öðrum hnöttum, enn ekki við enhverjar óskiljanlegar andaverur í efnislausum heimi, að samband það, sem næst við slíkar tilraunir verður vegna lífgeislunar frá einni lífveru til annarar.

Með þekkingu á þessum málum og með tilstyrk góðra miðla og samstiltru fundarmanna, sem og með stuðningi hundraða og þúsunda manna um land allt, mætti vænta mikils og góðs árangurs af slíkum tilraunum og slíkri starfsemi. Mundi þá brátt koma í ljós, að draga færi úr hnünunarmerkjum þeim, sem Vigfús

Guðmundsson minntist á í fyrrgreindri grein sinni, en sannur menningar og framfarabragur ná tökum á öllum sviðum þjóðlífss vors.

Ingvar Agnarsson

3. ágúst 1963.

## BRÉF FRÁ ONEFNDUM.

Góðir Nýalssinnar.

Þið vinnið gott starf ekki aðeins fyrir þjóð ykkar heldur og allt mankyn, þið gerið ykkur það vonandi ljóst. Félag nýals-sinna er gott það sem það nær, en það nær bara ekki nógum langt. Það á að vinna að því markvist að breiða út kenningar dr. Helga, og væri það hægt t. d. með því að gefa út stærra blað og dreifa því um allt landið. Í það þyrfti að skrifa greinar, sem vekti fólkid til hugsunar um, hvernig það hefur leikið þennan eina sanna spámann þjóðarinnar. Annars finnst mér nú að það þurfi ekki að lesa nema söguna "jólasaga" á bls. 25 í "Ennyall", til þess að komast að raun um sannleikann í þessu efni. En það gera bara allt of fáir, þess vegna er það hlutverk Nýalssinna að koma fólk-inu til að trúa þeim sannleika og boðskap sem dr. Helgi gaf því. Fyrsta skrefið er að fá Íslendinga sjálfa til að trúá á sinn eigin spámann. Þegar það hefur tekizt, má fara að kenna boðskap hans öðrum þjóðum. Æg er viss um að allur heimurinn á eftir að þakka þessum íslenzka heimspekingi, þó lengra sé ekki komið í dag.

En nú vaknar sú spurning: "Hvers vegna gerðu samtíðar-menn dr. Helga ekki meira með hann?" Það er vegna þess að hið forna spakmæli er sannleikur. Enginn getur verið spámaður í sínu föðurlandi. En betra er seint en aldrei. Nú er rétti tíminn að taka upp þráðin. Par sem dr. Helgi er, ég hika ekki við að segja einn af allra mestu spekingum sem byggt hafa þessa jörð. Þá er ekki nein skömm að því fyrir Íslendinga að hefja hann til skýanna og kynna hann fyrir heiminum. Því heimurinn þarf á vitnesku hans að halda meira nú en nokkru sinni fyrr. Ef gaumur hefði verið gefinn að kenningum dr. Helga fyrir seinni heimstyrj-öldina og fólkid hagnýtt sér stillilögþálið, hefði að öllum líkendum verið hægt að koma í veg fyrir hana. Sjá ekki allir hugsandi menn, að mannkynið er á glötunarvegi og sjá ekki þeir sömu menn að það verður að spirna við fótum og það strax og það svo um munar? Hvers vegna er hið illa að ná yfirhöndinni í veröldinni? Það er af því að dr. Helga Pjeturss hefur ekki verið nógur gaumur

gefinn. Hvað skeður ef hin illu öfl bera sigur úr býtum? Hvað bíður mannkynsins þá? þá verður of seint að taka í taumana þess vegna verður að gera það strax, því enginn veit hvað fresturinn verður langur. Hann verður kanski ekki nema örfá ár. Því verður að hefja baráttuna strax í dag, það hefur dregið nögu lengi. Nú er það von míni að þið Nýalssinnar hafið forystuna, eflid samtökin og hefjið baráttuna fyrir hinum góða málstað til björgunar mannkyninu.

Ég læt ekki nafns míns getið af því ég veit ekki hvernig þið takið þessum tillögum mínum, en mér þætti vænt um, ef þið í næsta blaði félags ykkar minntust á hvernig ykkur hefur geðjast að þessu skrifni mínu.

Kær kveðja. J.J.

## SKRIFAÐ OSJÁLFRAÐTT.

( Látinn faðir ræðir við son sinn )

### IX.

Lengi er ég búinn að vonast eftir því, að þú gæfir kost að sambandi, og er ég ekki með því að gefa í skyn, að þú sért trassi. Ég veit að þú hefir haft nóg á þinni könnu undanfarið, en mig hefur langað til að ná tali af þér vegna þess, að ég hef gerft ýmsar merkilegar uppgötvunar síðan síðast, og skal nú vikið að því markverðasta.

EKKI fyrir alls löngu var ég á leið yfir fallegt hérað. Ég var niðursokkinn í hugsanir mínar og tók ekki vel eftir því, sem fyrir mig bar, en allt í einu var eins og hulu væri svipt frá augum mér, og sá ég þá landið eins og það var og svo greinilega að slíkt hef ég aldrei getað ímyndað mér að gæti gerzt. Ég sa öll þau ár, sem það hafði verið að myndast, og ekki nóg með það. Ég sá líka, hvernig það átti eftir að verða, og það fannst mér furðulegast af þessu öllu saman.

Ég skil nú, hvernig á þessu stóð. Landið var eins og það átti að sér að vera. En ég sá það, sem aðrir höfðu séð, — Nú veit ég að þú efast. En þetta var svona. Ég veit ekki hvernig svona getur gerzt, en get þess mér til, að þarna hafi ég fengið bátt í sýnum annara og tengt þær landinu, sem ég stóð á.

Ég var lengi í þessu ástandi, og fylgdi því mikil mögnun og gleði. Óg mér fannst ég skilja allt á milli himins og jarðar —  
Ég var ekki lengi á gangi eftir þetta, og þegar ég var kominn á leiðarenda, fannst mér þetta einna líkast draumi.

Nú langar mig til að segja þér frá öðru, sem mér þótti skrítið. Dag nokkurn kom ég að undarlegu húsi, en sem var fljótt á litrið ekki örurvísí en hús gerast. En þegar ég fór að athuga það nánar, komst ég að raun um, að það kom hvergi við jörðu. Þyngð þess virtist engin, en þó var það kyrrt á sínum stað. Ég spurði þá, sem voru þarna viðstaddir, hvort ekki væri hætta að það fyki og íbúar þess færust, og fékk það svar, að svona hús fykju aldrei vegna þess að þau væru óháð náttúruhamförum. Ekki minnkaði forvitni míni við þetta. Fór ég nú alveg að húsinu og leit undir það. Og hvað heldur þú að ég hafi séð? Ég så ekcert néma sand. Á honum hvíldi enginn þungi, en kornin virtust vera á sífeldu iði. Ekki gat ég séð hvað olli því. Nú var ég aldeilis hissa og vatt mér að dyrunum, sem opnuðust á svipstundu, og við mér blöstu snotur húsgögn og fagrir litir. Til dyranna kom ákaflega fagur maður og bauð mér inn. Það runnu á mig tvær grímur, en þá sagði hann: "Vertu ekki hræddur, hér er ekki nein ástæða til að óttast." Ég létt til leiðst, og kunni bara vel við mig þarna inni. Ég spurði manninn, hvernig hægt væri að byggja svona hús, og sagði hann mér að það væri ósköp auðvelt. Vandinn væri aðeins sá að ná tökum á vissum öflum og notfaera sér þau. Það sem héldi húsinu uppi, væri orka, sem hægt væri að vinna úr hreyfingu jarðar. Kosturinn við þetta væri sá, að ekki þyrfti að hræðast jarðskjálfta eða vindu, sem væru mjög algengir á þessum slóðum. Einnig væri mjög auðvelt að flytja húsið úr stað, ef þess gerðist þörf. Hann útskyrði þetta þannig, að efnin í húsinu ynnu á móti aðdráttarafli jarðarinna þannig, að fullt jafnvægi fengist þrátt fyrir miklar utanaðkomandi sveiflur. Þetta var merkilegt, og sjón er sögu ríkari. Þetta var --- Já, það er von, að þú sért fullur efasemda. En þetta var svona.

Ég er ekki lengi að finna, hvernig þú hugsar. Ég get séð þig núna í huga mínum, þó ekki á sama hátt og ég sjái þig með augunum.

Ég finn svo undarlega vel hugsanir þínar, og þær verka vel og veita mér gleði og styrk. Ég hlakka til þess að hafa við þig samband aftur sem fyrst.

Ég við að heilsa öllum á bænum.

Ég er lengi búinn að býða eftir tækifæri til þess að hafa sam  
band við þig, því að það er árīðandi, að ekki lífni mjög langt á  
milli.

Það sem mér liggur einna mest á hjarta, er að segja þér  
frá því, sem ég hef reynt nýlega. --- Þekkir þú það sem er  
nefnt akkorð? Já, ég vissi það. En ég spurði til þess að þú hefðir  
einhvern góðan samanburð við það, sem ég segi þér núna. Hér  
er unnið í akkorði en ekki fyrir visst kaup á tíma, Akkorðinu er  
þannig fyrirkomið, að ekki er hægt að komast hjá því að leggja  
sig fram af fremsta megni, og fara afköstin eftir því.

Nú er ekki hægt að gera þessu ýtarleg skil í stuttu máli, en  
það skal samt sem áður reynt. Við vinnum saman í hópum en  
ekki hver fyrir sig. Hver hópur er samstellt heild, en ekki er  
hægt að segja, að einstaklingarnir njóti sín ekki. Það gera þeir  
til fulls. Hópurinn vinnur mjög vel og allir eru ánægðir og þreytast  
lítið vegna þess, að allir eru samtaka.

Í dag var ég ásamt nokkrum öðrum að vinna við það að ryðja  
úr vegi stórum björgum, sem voru jarðföst. Við höfðum ekki  
fullkomin verkfæri til þess á jarðarvísu, en samtakamáttur okkar  
var svo mikill, að ekkert bjarg stóðst hann, og voru allar hinndranir  
úr vegi okkar að lítilli stundu liðinni. Við beittum verkfærum okkar  
óspart, en það sem mestu máli skipti var sú óhemju orka, sem  
fylgdi þeim. Þessi verkfæri voru nokkurskonar haki og skófla, og  
fylgdi þeim sú náttúra, að ekkert fær staðist snertingu við þau.  
Að vísu er ekki sama, hver á heldur, því máttur þeirra er kominn  
frá þeim, sem þeim beita. Þessi máttur upphefur þyngdarlögmálið, og er þá ekki erfitt að hreyfa björg úr stað.

Nú skal ég segja þér, hvernig þetta atvikast. Við stillum  
okkur til sambands við aðra, sem stunda slík störfi, og leitum  
eftir mögnun frá þeim, en sendum þeim jafnframt styrk í staðinn.  
Þetta veldur aftur því, að aðstreymi orku til beggja eykst, og eru  
eiginlega engin takmörk fyrir, hvað hún getur orðið mikil.

Það er í rauninni ekki erfiðleikum fyrir okkur bundið að  
flytja fjöll úr stað, ef við þyrftum á því að halda. En af þessu  
leiðir það, að hér er auðvelt að framkvæma hlutina, og skapar það  
mikla velmegun og gleði. Hér eru allir glaðir og njóta lífsins, og  
hér er ekki kappblaup um peninga. Hér verða menn ríkir af því að  
gefa, hvort sem það eru hlutir eða eitthvað annað. Nú er ég ekki  
lengur í vafa um það, að leiðin fram til þroska, vizku og fegurðar  
er leið góðvildar og fórnfýsi. Ég hef ekki komið neitt áfram  
öðruvísu, síðan ég kom hingað, og í raun og veru ekki í jarðlífini  
heldur. Allt það, sem ég aðhafðist þar, var mér til tafar, ef það  
var ekki af góðvild og fórnfýsi gert, og það sem gert hefur sam-

band okkar mögulegt, er gagnkvæm ástúð okkar á milli.

Nú er ég ekki lengur í vafa um gildi lífsins og tilgang ---  
Lifsaflíð er hér svo óskaplega sterkt, að náttúruöfl, eins og f. d.  
eldgos komast þar ekki í hálfkvist við það. Með lífsaflí er hægt  
að vinna eiginlega hvaða kraftaverk sem er --- Eg ætla að ræða  
um þetta betur seinna.

Góða nött. – Ég bið að heila litlu snáðunum og fólkini á bænum.

# Efnisyfirlit:

- 3 Efni blaðsins  
Þorsteinn Jónsson
6. Kennslubók í sambandsvísindum  
Ingvar Agnarsson
- 7 Víkingaferðir og víkingakyn  
Þorsteinn Guðjónsson
- 12 Furðuleg kynning og furðulegt skilningsleysi  
Þorsteinn Guðjónsson
- 14 Ofskynjanir í ljósi hinna nýölsku kenninga  
Ingvar Agnarsson
- 15 Vísa Skallagríms  
Þorsteinn Guðjónsson
- 16 Guðleg ráðstöfun ?  
Þorsteinn Jónsson
- 18 Hugleiðing um tímarúmskenningu Einsteins  
Ingvar Agnarsson
- 19 Tímarúmskenning Einsteins og lífssambandskenning dr. Helga  
Þorsteinn Jónsson
- 21 Lífsorkan í hugmyndum tvennra trúarbragða  
Þorsteinn Guðjónsson
- 22 Nauðsyn stjörnusambandsstöðvar  
Ingvar Agnarsson
- 24 Bréf frá ónefndum
- 25 Skrifað ósjálfrátt